

KJARVAL

20% afsláttur SS kryddlegnar lambatvínfjur **1998** kr./kg verð áður 2498

20% afsláttur SS Mexico grisakótleitur **1430** kr./kg verð áður 1782

Eðalískur laxabitar með roði **1745** kr./kg

Pepsi og Pepsi Max, 2 l **229** kr. átt.

Meistara mündukaka **499** kr. átt.

Íslenskir kirsuberja- og konfektómatar, 500 g **199** kr. átt.

Allra frostpinnar, grænir, 20 stk. í pk. **349** kr. átt.

Haut halfrakex, 225 g **299** kr. átt.

Svali 3x250 ml, epla, peru og appelsínu. **149** kr. átt.

KJARVAL Kjaurstr. Sími 487 4616 Vík Sími 487 1325 Hrósvöllum Sími 585 7590 Þorlákshöfn Sími 585 7595 Ísland Sími 585 7585

SJÁ OPNUNARTÍMA Á WWW.KJARVAL.IS

VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Afmæli

Miðvikudaginn 18. ágúst
s.l. varð Kristinn J.
Nielsen fimmtugur.

Af því tilefni býður hann
vinum, kunningjum og
samstarfsfólki í léttar
veitingar og tónlistar-
sprell í Leikskálum laug-
ardaginn 21. ágúst kl.
20:00 til 23:00.

Bíll til sölu

Toyota Carina 2,0l '97 módel
ekinn 190.000 til sölu.
Traustur og góður bíll.
Verð 170.000

Upplýsingar í s: 867-9964 -
Brynjar

Óska eftir

að kaupa kálfa, 0-8 mánaða gamla
(naut og kvigur).

s: 898-6214 / nyibaer@gmail.com

Nýjstu fréttir af Önnu Kristínu
Jensdóttur sundrottningu

Anna Kristín setti nýtt íslandsmet í
Hollandi mánud. 16. ág. og er nú komin í
níunda sæti á listanum yfir þau bestu í
heiminum í 100 m bringusundi á sundmóti
fatlaðra.

Sendu Vita vísukorn
auktu með því andans kraft
Notfærðu þér vettvang vorn
ekki mikið fyrirhaft.

E.

Vísa:

Út á sundin safirblá
sigli ég undan þeynum.
Mín er lundin léttfleyg þá
lífs ei bundinn meinum.

Höfundur: Valdimar Lárusson
Heimild: Vísnaafn Sigurjóns Sigtryggssonar í
Héraðsskjalasafni Skagfirðinga

SMÁAUGLÝSINGAR

33. TBL. 14. ÁRGANGUR FIMMTUDAGINN 19. ÁGÚST 2010



Fyrir skólann!

Stílabækur A5 frá kr. 220.-

Stílabækur A4 frá kr. 295.-

Stílabók A4, 5 faga kr. 750.-

Skólatöskur og pennaveski 30% afsláttur

Útsala á fatnaði á skólabörnin

Klakkur ehf. Smiðjuvegi 9, Vík

Sími 487 1223



Hvað er að gerast?

Sl. mánudag vorum við hjónakornin á ferð í höfuðborginni, sem ekki er í frásögu færandi, nema helst það að við komum að eða urðum vitni að einum fimm árekstrum í umferðinni, við sáum einnig fjöldann allan af klesstum bílum, flest eftir aftanákeyslur og sýnilega eftir allskyns umferðaróhöpp.

Manni verður hugsað, hvað er að gerast í borgarumferðinni og þá einkum við þessi afbraðsakstursskilyrði sem var, sól og blíða, reyndar smáskúrur og sólin alls ekki til vandræða, og bjart og fallett á milli. Ef til vill hafa ökumenn verið að ná úr sér helgarstressinu og því ekki gætt að sér. Hvað á maður að halda? E.

Og aðeins á léttu nóttunum.....

Mamma, er það rétt að Guð gefi okkur tennur tvisvar sinnum en í þriðja skiptið þurfum við að borga þær sjálf?

-Af hverju ertu svona niðurdeginn?

-Ég er búinn að senda kærstinni ástarbréf á hverjum einasta degi í heilan mánuð og..

-Og hvað?

-Og nú ætlar hún að giftast bréfberanum

Smáauglýsing:

Bolabítur til sölu. Borðar hvað sem er. Hefur mjög gaman af börnum

Ljóska var að keyra í Hafnarfirði þegar löggan stoppaði hana og bað um að fá að sjá ökuskrirteinið hennar. Hvað er það spurði hún. Það er svona bleikt með mynd af þér. Hún leitaði í veskinu þangað til hún fann bleika púðurdós, tók hana upp og opnaði og leit í spegilinn. Er það þetta spurði hún? Löggan tók dósina og leit í spegilinn og segir svo.

Nú! Ekki vissi ég það þú værir í lögreglunni!!

Á DÖFINNI

GÖNGUFERÐIR
FERÐAMÁLAFÉLAGS
SKAFTÁRHREPPS SUMARIÐ 2010

22. ágúst, Dagsferð: Botnar – Hnausar Fararstjórn: Júlíana Þóra Magnúsdóttir Akstur innifalinn – skráning fyrirfram
1. september: Kvöldferð: Með Brúnum; Hunkubakkar-Klaustur Fararstjórn: Björgvin Harðarson og Björk Ingimundardóttir
Mæting við Hunkubakka kl. 19 (Skaftáarskála kl. 18:50)

Hárgreiðslustofan á Kirkjubæjarklaustri lokuð vegna sumarleyfis frá 19. júlí til 23. ágúst.

Landgræðslufélag Skaftárhrepps auglýsir fræðslu- og skemmtiferð um Hekluskóga frá Skaftáarskála sunnudaginn 22. ágúst n.k. kl. 09:30

SAMHERJAR

FÉLAG ELDRI BORGARA
Í MÝRDAL OG AUSTUR-
EYJAFJÖLLUM

Farin verður dagsferð út í Rangárvallasýslu
18. ágúst n.k.

Netverslunin - www.fallegfot.is

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt.

Nýjar sendingar koma reglulega - skráið ykkur á póstlistann og fylgist með.

Barnið geymdu í sjálfum þér.
Svo lengi sem þú getur.
Þá mun lífið ganga hér
eflaust eitthvað betur. E.



Vatnabátur til sölu

Til sölu Terhi 440 vatnabátur. Kerra, árar og björgunarvesti fylgja með.
Verð 250 þúsund.

Upplýsingar í síma 8579240.



“Stjörnubærinn” svonefndur af ferðalöngum.



SKAFTÁRHREPPUR

SKAFTÁRHREPPUR

auglýsir eftir starfsfólki:

Ræsting, 50% starf.

Starfsmaður á bókasafn, 50% starf.

Launakjör eru samkvæmt samkomulagi og almennum kjarasamningum.

Umsóknarfrestur er til 25. ágúst 2010.

Umsóknir sendist sveitarstjóra Skaftárhrepps, Klausturvegi 15, 880
Kirkjubæjarklaustri. Einnig má senda umsóknir
á netfangið sveitarstjori@klaustur.is

*Nánari upplýsingar veitir Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri,
sími 487 4840*

Þakkað fyrir veitingar:

Þakka vil ég þeginn beina
Þótti mér hann gott að fá
Einhvern tíma ætla að reyna
endurgjaldann ef ég má.



Þakkað fyrir kaffi

Yljaði mér að innstu rót
indælis sopinn góði.
Áþekkt og hefði ylhýr snót
aust á mig kossaflóði

E.



AF HVERJU ER ÞÁ RIFIÐ ?

Einu sinni voru hjón á bæ; þau áttu mörg börn, en fátt höfðu þau vinnufólk og þurftu litlu til þess að kosta, enda voru þau vel við álnir, en bóndinn þótti í meira lagi aðsjáll. Hann hafði þann sið að hann tók til allan mat og skammtaði konu sinni út á pottinn í það og það sinnið; þar eftir var annað og var konunni mikil raun að nirfilskap hans.

Einhverju sinni bar svo við að bóndi lést þurfa að fara að heiman og vera burtu tvo daga. Þegar hann er farinn burtu segir húsfreyja smalanum að reka heim féð; segist hún ætla að taka úr því besta sauðinn, slátra honum og taka með því hungursmál úr börnunum og fólkinu. Smalinn gerir svo og er sauðurinn skorinn og lagður í pottinn og borðaður um kvöldið með góðri matarlyst.

Þegar búið er að borða og koma öllu fyrir er barið. Konan veit ekki hvaðan á sig stendur veðrið að þar skuli vera kominn næturgestur því það var ekki vani. Hún hugsar að það muni vera best að hún fari til dyranna. En áður en hún lýkur upp hefur hún þó þá varúð við að hún spyr hver úti sé. Segir þá bóndi til sín heldur dræmt. Lýkur hún þá upp bærjarhurðinni og segir að hann hafi verið fljótari í ferðum en hann hafi ætlað sér. Bóndi gegndi því engu en snarast innar hjá henni og þegar hann kemur inn í baðstofu gætir hann nákvæmlega að öllu, en finnur enga nýlundu á neinu.

Barn þeirra hjóna gekk með hjá rúmi þeirra; það hélt á kroppuðu sauðarrífi. Bóndi tekur rífið af barninu, skoðar það í krók og í kring og segir: "Af hverju er rífið að tarna?"

Konan segist ekki vita það hvar barnið hafi fundið það, undir rúminu eða á bak við það. Bóndi segir að það sé frá um það að rífið hafi ekki legið lengi í sorpi, það sé glænýtt. Ekkert segist konan vita um það; býður hún svo manni sínum að borða.

Hann sinnir því ekki, en segir: "Af hverju er þá rífið?"

En konan bað hann að stagað ekki lengur á rífinu, því hann stríddi sjálfum sér mest með því að vilja einkis neyta; býður hún honum þá að fara og hvíla sig. En hann hefur allt á

hornum sér og alltaf sama viðkvæðið við allt sem hún býður honum:

"Af hverju er þá rífið?"

Þó drattast hann til að háttu um síðir.

Morguninn eftir fer hann ekki á fætur, liggur með háhljóðum nokkra daga og deyr svo. Sendir þá húsfreyja smalann eftir presti og hreppstjóra og fleiri nefndarbændum í sveitinni að segja þeim að bóndi sinn sé látinn og biðja þá að koma til hennar því hún þurfi að tala við þá um útförina.

Smalinn fór og mennirnir komu sem hún hafði sent eftir. Húsfreyja bauð þeim inn í baðstofu, þangað sem líkið var, og sagði að hún yrði nú að biðja þá að gera svo vel að hjálpa sér að koma mannum sínum sem fyrst í jörðina því þar væru lítil húsakynni svo hún ætti örðugt með að hafa líkið lengi í bænum. Hún bað þá og að standa fyrir allri útförinni og spara ekkert til hennar svo að maðurinn sinn yrði sómasamlega grafinn og sjálfir skyldu þeir setja fullt upp á fyrir ómak sitt, því svo væri fyrir þakkandi að þau hefðu nóg efni til þess. Komumennirnir hétu henni liðsemd sinni og höfðu nú hraðann á borði svo að bóndi yrði kistulagður og líkið flutt til kirkju. Prestur hélt yfir honum ræðu og svo var líkið borið til grafarinnar.

En þegar kistan er komin niður í gröfina gengur húsfreyja að gröfinni, hefst upp úr eins manns hljóði og segir: "Hvern andskotann hugsarðu, maður, að láta kviksetja þig lifandi?"

Gegnir þá bóndi úr kistunni og segir: "Af hverju er þá rífið?"

Var kistan svo dregin upp aftur og opnuð og bóndi hresstur við, því ædimikið var af honum dregið. Taldi svo prestur og aðrir nefndarmenn um fyrir honum að hann skyldi ekki láta nápinuskapinn ráða svo fyrir sig að hann gerði bæði sér og þeim sem hann ætti best upp að inna lífið leitt.

Við þessa skræveifu tók bóndi stakkaskipti og varð allur annar maður og bar aldrei konu sína ofurráða um nokkurn hlut. Eftir það lifðu þau saman glöð og ánægð og þóttu mestu sómahjón. Bóndi spurði aldrei um rífið framur þangað til hann dó í annað sinn skaplega og skikkanlega.

(Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar)



Fimmtíuþúsundasti farþeginn, sem Herjólfur flutti eftir að Landeyjahöfn var opnuð 21. júlí, fór með skipinu til Eyja á föstudag. Fékk farþeginn, Guðlaugur Sigurgeirsson, blómvönd frá Eimskip.

Frá því Herjólfur hóf siglingar milli Vestmannaeyja og Bakkafjörú hafa farþegar í hverri ferð verið um 300.

Tekið af mbl.is | 16.8.2010

Herjólfur

Tölulegar upplýsingar:

Skipið er 3.354 brúttótonn að stærð. Lengd þess er 70,5 metrar og breidd þess 16 metrar. Skipið hefur tvær aðalvélar en hvor þeirra er 2.700 KW. Ganghraði skipsins eru 17 sjómílur, sem þýðir að það tekur um 40 mínútur að sigla á milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar. Í skipinu komast fyrir 500 farþegar í hverri ferð og 60 fólksbílar. Skipið er mjög vel búið af siglingatækjum og björgunarbúnaði samkvæmt alþjóðlegum SOLAS kröfum.

Aðstaða um borð:

Í skipinu eru þrjár aðalsalir: Matsalur, sjónvarpssalur og setustofa. Í matsalnum er kaffi-tería þar sem boðið er upp á heitan mat, smurt brauð, sælgæti, kökur, kaffi og aðra drykki. Salurinn rúmar um 130 manns í sæti en í sjónvarpssalnum eru rúmlega 80 þægileg sæti sem hægt er að stilla eftir smekk hvers og eins. Setustofan er útbúin þægilegum sófástólum og borðum en einnig eru sófar og bekkir víðsvegar um skipið. Í Herjólfu eru tvær barnastofur, önnur með leikföngum en hin með sjónvarpsefni. Á þilfari eru bekkir fyrir þá sem kjósa að njóta útsýnisins og ferska sjávarloftsins á meðan á ferðinni stendur.

Upplýsingar um Herjólf tekið af vefnum *Eimskip - yfir hafið og heim*

Mynd af Herjólfu: VITINN